

**Sp.**

**194. Breytingartillaga**

**[1. mál]**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1963.

Frá Jónasi Péturssyni, Sigurði Ó. Ólafssyni og Eggert G. Þorsteinssyni.

Við 22. gr. XXIV. Nýr liður:

Að festa kaup á skriðbil, sem hentað gæti til ferða um torleiði á landi og sem ferja yfir vötn og reyna slíkt tæki á jökulvötnum og aurum Skaftafellssýslu til þess að fá úr því skorið, hvort á þann hátt yrði opnuð samgönguleið fyrir Skaftfellinga og ökufært yrði á léttum bílum umhverfis landið.